

Tónvísir

Fréttabréf Tónlistarskóla Reykjanesbæjar
desember 2016
útg. 30.11.16



Tónlistarskóli Reykjanesbæjar, Hjallavegur 2, Hjómahöll
sími 420-1400 Netfang: <http://tonlistarskoli.reykjanesbaer.is/>
Skrifstofan er opin mán., þri., fim. og fös. frá kl. 13-17 og mið. frá kl. 9-13



Bjöllukór TR og Sinfóníuhljómsveit Íslands

Bjöllukór Tónlistarskólans mun leika með Sinfóníuhljómsveit Íslands á hinum árlegu Jólatónleikum SÍ, laugardaginn 17. og sunnudaginn 18. desember n.k. í Eldborgarsal Hörpu. Tónleikarnir eru kl. 14 og 16 hvorn dag. Þessir tónleikar eru orðnir fastur liður í jólahaldi margra fjölskyldna, enda ætlaðir fólki á öllum aldri. Verði aðgöngumiða er því still í hóf. Við erum afar stolt af því að vera boðið að taka þátt í tónleikunum ár eftir ár, en þetta er 5. árið í röð sem bjöllukórinn okkar spilar á Jólatónleikum SÍ. Það er gaman að geta þess að SÍ óskaði eftir því að á tónleikunum að þessu sinni yrði flutt íslenskt jólalag og lagið „Jólin alls staðar“ var valið. Það lag reyndist ekki vera til útsett fyrir bjöllukór og sinfóníuhljómsveit og var því leitað til eins af kennurum TR, Inga Garðars Erlendssonar, sem gerði mjög fína útsetningu af laginu. Stjórnandi Bjöllukórs TR er Karen J. Sturlaugsson. Við hvetjum nemendur og forráðamenn til að ná sér í miða sem fyrst. Þessir tónleikar hafa alltaf verið mjög vel sóttir.

Barnakórinn

Barnakór TR kemur fram á jólatónleikum Kvennakórs Suðurnesja ásamt Vox Felix. Tónleikarnir verða í Ytri-Njarðvíkurkirkju fimmtudaginn 8. desember kl. 20.00. Það er ánægjulegt að barnakórinn okkar skuli fá tækifæri til að koma fram utan skólans, því það er mikilvægt að hinn ungi kór safni í sarpinn sem fjölbreyttastri reynslu. Stjórnandi Barnakórs TR er Birta Rós Sigurjónsdóttir og meðleikari á píanó á tónleikunum er Sigrún Gróa Magnúsdóttir.

Strengjasveitin- elsta sveit

Elsta strengjasveit TR mun eins og í fyrra, taka þátt í jólatónleikum Sönghóps Suðurnesja. Tónleikarnir verða í Stapa, Hljómahöll, fimmtudaginn 1. desember kl.20.30. Á tónleikunum verður strengjasveitin í hlutverki undirleikara, en slíkt er góð reynsla fyrir sveitina. Stjórnandi Sönghóps Suðurnesja er Magnús Kjartansson og stjórnandi Strengjasveitar TR er Unnur Pálsdóttir.

Jólatónleikar framundan

Framundan er fjölbreytt jólatónleikahald skólans. Það verður með svipuðu sniði og venjulega þ.e. að kennarar eða deildir halda sína tónleika hver fyrir sig. Vinsamlegast fylgist vel með tilkynningum sem koma frá kennurum á næstunni, varðandi jólatónleikana. Skynsamlegt er að hengja þær upp á áberandi stað á heimilinu, eða skrifa hjá sér í dagbók, svo ekkert gleymist í önnum aðventunnar.

Hér í Tónvísi er yfirlit yfir jólatónleikahaldið, svo það er auðvelt að nálgast upplýsingarnar þar. Einnig er hægt að fá upplýsingar um tónleikana á skrifstofu skólans og á vefsíðunni okkar tonlistarskoli.reykjanesbaer.is og á fésbókarsíðu skólans.

Fréttabréfið

Fréttabréfið Tónvísir kemur út 2-3 sinnum á vetri. Annars eru upplýsingar um starfsemi skólans frá degi til dags á vefsíðunni tonlistarskoli.reykjanesbaer.is og á fésbókarsíðu skólans.

Jólafrí

Síðasti kennsludagur fyrir jól er þriðjudagurinn 20. desember. Kennsla hefst að nýju miðvikudaginn 4. janúar 2017.

Getum bætt við okkur nemendum

Eftir áramót getum við bætt við okkur nemendum á málmblásturshljóðfæri (t.d. trompet eða horn), á rafbassa og í klassískum söng. Áhugasamir hafi samband við skrifstofu skólans sem fyrst.

Jólagjafir

Við viljum enn og aftur benda á þann skemmtilega möguleika að gefa tónlistarjólagjafir. Hægt er að fá ódýrar en nýtsamlegar jólagjafir fyrir tónlistarnemandann í tónlistarbúðum, svo sem nótnastatíf, hljóðfærastatíf, nótnabækur, taktmæla, ljós á nótnastatíf, trommukjuða o.fl. Þess háttar. Helstu verslanir með svona vörur eru Tónastöðin, Hljóðfærahúsið-Tónabúðin, Verslunin Hljóð-X-Rín og Gítarinn. Þessar verslanir eru í Reykjavík. Einnig er margt fallett og nýtsamlegt til í verslun Rokksafnsins í Hljómahöll.

Frítt kynningarnám

Við bjóðum upp á frítt kynningarnám á kirkjuorgel og túbu á vorönn 2017. Um er að ræða að hámarki 2 pláss fyrir hvort hljóðfæri. Varðandi nám á kirkjuorgel þá þurfa nemendur að vera komnir nokkuð áleiðis í píanónámi eða hafa verið í píanónámi. Engan undanfara þarf fyrir nám á túbu. Umsóknarfrestur er til 20. desember n.k. Hægt er að sækja um á vef tónlistarskólans tonlistarskoli.reykjanesbaer.is/ eða í skólanum á umsóknum sem liggja þar frammi. Kennsla hefst í fyrstu viku janúar 2017. „Fyrstur kemur fyrstur fær“



Jólatónleikar 2016

laug. 3. des.	kl. 12:30	Tónleikar Slaghörpunar í Bergi
mán. 12. des.	kl. 17:00	Jólatónleikar nem. Helgu Aðalheiðar í Bergi
	kl. 18:00	Jólatónleikar nem. Germans í Bergi
	kl. 19:00	Jólatónleikar nem. Ásgeirs og Samspils Ásgeirs í Bergi
	kl. 20:00	Jólatónleikar nem. Birnu í Bergi
þrið. 13. des.	kl. 17:15	Jólatónleikar nem. Aleksöndru í Bergi
	kl. 18:00	Jólatónleikar Lúðrasveitar í Stapa
	kl. 18:30?	Jólatónleikar nem. Unnar í Bergi
miðv. 14. des.	kl. 16:30	Jólatónleikar nem. Ínu Dóru í Bergi
	kl. 17:30	Jólatónleikar nem. Sigrúnar Gróu og Páls í Bergi
	kl. 18:30	Jólatónleikar nem. Bjargeyjar í Bergi
	kl. 19:30	Jólatónleikar nem. Steinars í Bergi
	kl. 20:30	Jólatónleikar nem. Arons og Gítarkórs í Bergi
fimm. 15. des.	kl. 17:30	Jólatónleikar nem. Jónínu og Barnakórs í Bergi
	kl. 18:30	Jólatónleikar nem. Wilmu og Strengjasv. A í Bergi
	kl. 19:30	Jólatónleikar Gítarsamspils í Bergi
fös. 16. des.	kl. 17:00	Jólatónleikar nem. Guðríðar Evu í Bergi
	kl. 18:00	Jólatónleikar nem. Grétu í Bergi
mán. 19. des.	kl. 17:00	Jólatónleikar nem. Geirþrúðar, Ragnheiðar Eirar og Söndru Rúnar í Bergi
	kl. 18:00	Jólatónleikar nem. Geirþrúðar, Ragnheiðar Eirar, Söndru Rúnar og Berglindar í Bergi
	kl. 18:00	Jólatónleikar nem. Þorvaldar Más í Y-Njarðvíkurkirkju
	kl. 18:00	Jólatónleikar nem. Róberts, Léttsveitar og Samspils Rytmískrardeildar í stofu 102
	kl. 19:00	Jólatónleikar nem. Alberts og Kristínar Þóru í Bergi
	kl. 20:00	Jólatónleikar Söngdeildar í Bergi
þrið. 20. des.		Síðasti kennsludagur fyrir jól
	kl. 16:00	Jólatónleikar nem. Þorvaldar í stofu 102
	kl. 17:00	Jólatónleikar nem. Hörpu og Vilhjálms í Bergi
	kl. 18:30	Jólatónleikar nem. Díönu í Bergi
þrið. 3. jan.		Starfsdagur kennara
miðv. 4. jan.		Kennsla hefst



*Tónlistarskólinn óskar nemendum
og fjölskyldum þeirra
hamingjuríkera jóla og farsæls nýs árs*